

Miðvikudaginn 20. ágúst 1997.

Nr. 334/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Kolbrún Sævarsdóttir lögfræðingur)

gegn

Gunnari Ólafssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 22. ágúst 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. ágúst 1997.

Ár 1997, sunnudaginn 17. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Gunnari Ólafssyni, kt. 121174-3329, Smárahvammi 8, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 22. ágúst nk. kl. 16.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú stórfellt fíkniefnamisferli. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til þess, að 2. ágúst sl. komu til skoðunar hjá tollgæslunni að Ármúla 25, Reykjavík, tvær hraðsendingar frá Bretlandi, sem höfðu að geyma alls 783 e-töflur.

Við rannsókn málsins hefur grunur lögreglu beinst að því, að kærði eigi

aðild að málinu. Var hann handtekinn um kl. 21 sl. föstudagskvöld, en fjórir menn sæta nú gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins. Kærði er starfsmaður Pósts og síma hf. og vinnur m. a. við að aka út ábyrgðar- og hraðpóstssendingum. Hefur kærði greint frá því, að Sigurður Þórðarson, sem er einn þeirra, er nú sæta gæsluvarðhaldi, hafi sett sig í samband við sig og m. a. spurt sig náið út í vinnutíma sinn hjá Pósti og síma og í hverju starf sitt væri fólgið. Kveðst kærði eftir það nokkrum sinnum hafa rætt við Sigurð í síma og sagt honum, í hvaða hverfum hann væri að vinna, en kærði kveðst allajafna sjá um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Sendingar þær, sem höfðu að geyma áður nefnt magn e-taflna, voru stílaðar á tvö heimilisföng í Hafnarfirði, þ. e. í Suðurvhammi og Hvammbraut, en heimilisfang kærða er í Smárahvammi þar í bæ. Kærði hefur staðfest að hafa verið á ferð í Hvammahverfi í Hafnarfirði að beiðni Sigurðar laugardaginn 2. ágúst sl. og hitt þar tvo menn, sem nú sæta gæsluvarðhaldi, og hafi hann ásamt þeim verið staddur í Suðurvhammi, þegar póstmaður kom akandi og fór síðan með póstsendingu inn í stigagang fjölbýlishúss þar.

Annar þessara manna, Gísli Elmarsson, hefur greint frá því, að Sigurður Þórðarson hafi gefið sér og Atla Þórðarsyni þau fyrirmæli að fara með tilkynningu, sem þeir áttu að sækja í póstkassa í fjölbýlishús í Hafnarfirði, heim til manns, sem nú er upplýst, að er kærði. Gísli hefur einnig greint frá því, að kærði hafi sagt, þegar hann sá tvo menn ganga með póstmanninum inn í fjölbýlishúsið, „að þetta væri klikk og rétt að sleppa því að ná í miðana“. Kærði kveður þennan framburð ekki réttan.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og sæta fjórir menn nú gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þess. Af gögnum málsins er ljóst, að kærði er viðriðinn málið, þótt ekki liggi á þessu stigi rannsóknar skýrt fyrir, hver þáttur hans er. Þá er ljóst, að umfang málsins eykst eftir því, sem rannsókn þess vindur fram.

Samkvæmt framansögðu og þegar rannsóknargögn málsins eru virt, er nægjanlega rökstuddur grunur uppi um, að kærði eigi aðild að málinu með saknæmum hætti, og verður að telja hættu á, að hann kunni að spilla sakargögnum, fari hann frjáls ferða sinna. Kann brot það, sem hér er til rannsóknar, að varða kærða fangelsisrefsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 22. ágúst nk. kl. 16.

Eins og áður er að vikið, var kærði handtekinn um kl. 21 föstudaginn 15. þ. m. Krafa um gæsluvarðhald var hins vegar ekki lögð fram fyrr en rétt

fyrir sl. miðnætti og kærði leiddur fyrir dómara rúmum stundarfjórðungi eftir miðnætti. Dráttur þessi er í andstöðu við 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnar Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 22. ágúst nk. kl. 16.
